

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafrettar
Meiritunga 1
851 Hella

Akureyri, 30. mars 2021
UST202003-320/S.K.
08.12.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 3. nóvember 2020 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 22.9.2020. Frestur var veittur til 24. nóvember 2020 til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningum skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi er ábótavant, þ.e. skráningar á vatnsnotkun, framleiðslumagni, afföllum, fóðurmagni, dauðfiski. **Úrbótaáætlun barst með tölvupósti 24. nóvember 2020 en þar kom fram að verkferlar um skráningar á vatnsnotkun, framleiðslumagni, afföllum, fóðurmagni og dauðfiski hafi verið yfirfarnar með starfsmanni stöðvarinnar. Rennslismælir hafði verið pantaður erlendis frá og veitti stofnin frest til 6. janúar 2020 til uppsetningar á mælinum. Staðfesting á að mælirinn hefði verið settur upp barst stofnuninni 6. janúar 2020. Umhverfisstofnun óskaði þá eftir myndum af rennslismælinum og bárust þær stofnuninni 8. mars 2021 ásamt myndum af skráningarblöðum.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur